



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

SÝKL2SS05

Sýklafræði

Kennari/kennarar:	Sigrún Ína Ásbergisdóttir sigrun.ina.asbergisdottir@fsu.is
-------------------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um mismunandi tegundir og sérkenni sýkla. Fjallað er um byggingu sýkla, umhverfisþætti sem móta útbreiðslu sýkla, smitleiðir og helstu flokka smitsjúkdóma. Farið er í grundvallaratriði í sértækum og almennum vörnum líkamans gegn sýklum og fjallað um hlutverk ónæmiskerfisins. Sýklalyf fá nokkra umfjöllun. Fjallað er um smitgát og reglugerðir um smitvarnir. Farið er í grunnþjálfun við meðferð og ræktun sýkla í tilraunastofu og skýrslugerð.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- sögu og þróun sýklafræðinnar
- mismunandi tegundum sýkla og sérkennum þeirra
- helstu flokkum smitsjúkdóma
- mismunandi aðferðum við ræktun og greiningu sýkla
- helstu smitleiðum og eðli smitkeðju
- aðferðum við dauð- og sótthreinsun og takmörkunum þeirra
- helstu flokkum sýklalyfja, sérhæfðra og ósérhæfðra og verkun þeirra
- grundvallaratriðum í hlutverki ónæmiskerfisins og helstu afleiðingum ónæmisröskunar
- mismunandi tegundum bóluefna og verkun þeirra
- almennum reglum og vinnubrögðum um smitgát, smitvarnir og mikilvægi handþvottar

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- tengja mismunandi umhverfisaðstæður við útbreiðslu smitsjúkdóma
- þvo sér um hendur á réttan hátt
- gera skýrslur

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra löskunaráhrif sýkla á mannlíkama
- útskýra mismunandi smithæfni sýkla
- útskýra smitgát og varnir í tengslum við smitsjúkdóma
- forgangsraða og nýta þekkingu sína í sýklafræði í sérhæfðu starfi
- miðla þekkingu um sýkla í leik og starfi á fjölbreyttan og jákvæðan hátt

Námsefni:

Sýklafræði og sýkingavarnir. Ásdís Lilja Ingimarsdóttir og Þórdís Hulda Tryggvadóttir. Iðnú, 2022.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 5	6- 30. janúar	- Kennsla hefst fim. 8. janúar. - 1. - 4. kafli.	Spurningar úr 1. - 4. kafla.
6 - 9	2-27. febrúar	- 5. og 6. kafli. - Verknám byrjar 23. febrúar.	Spurningar úr 5. og 6. kafla.
10 - 13	1-27. mars.	- Kennsla hefst aftur 16. mars. - 7. og 8. kafli.	Spurningar úr 7. og 8. kafla.
14 - 16	30 mars. - 18. apríl	- 27. mars byrjar páskafrí. - 9. og 10. kafli.	Spurningar úr 9. og 10. kafla.
17 - 20	20. apríl - 13. maí	- 11. og 12. kafli.	Spurningar úr 11. og 12. kafla.

Sérreglur áfangans:

Nemandi skal skila 90% af öllum verkefnum sem sett eru fyrir (á tilsettum tíma) og mæta samkvæmt mætingaskyldu skólans til að öðlast próftökurétt.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar:

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefnaskil	Spurningar í lok hvers kafla	40%
Lokapróf	Próf úr öllu námsefninu	60%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur:

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Sigrún Ína Ásbergsdóttir, hjúkrunarfræðingur. Selfossi, 6. janúar 2026.